

Sp.

39. Tillaga til þingsályktunar

[29. mál]

um ráðstafanir til að tryggja starfsgrundvöll veðdeildar Búnaðarbankans.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Jónas Pétursson, Magnús Jónsson, Bjartmar Guðmundsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fjárþörf veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og undirbúa tillögur um, hvernig tryggja megi veðdeildinni starfsgrundvöll með það fyrir augum, að hún geti gegnt hlutverki sínu fyrir landbúnaðinn á viðhlítandi hátt.

Greinargerð.

Í gildandi reglugerð fyrir 3. lánaflokk veðdeildar Búnaðarbanka Íslands er stjórn hennar heimilað að lána allt að 60% af landverði jarðar, miðað við gangverð samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og allt að 30% af húsaverði og annarra varanlegra mannvirkja á jörðinni, miðað við sama mat.

Vegna fjárskorts hefur stjórn deildarinnar ekki séð sér annað fært en takmarka lánsfjárhæðina til hvernjar jarðar við 35 þús. kr. Ef um jarðakaup er að ræða og bússtofnun, er þessi upphæð algerlega ófullnægjandi. Væri hins vegar unnt að lána samkvæmt því, sem reglugerð deildarinnar heimilar, mundu fleiri geta keypt jarðir og stofnað bú. Vel starfrækt veðdeild við Búnaðarbankann leysir í velflestum tilfellum lánsfjárþörf bænda umfram það, sem þeir geta fengið úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði til nýrra framkvæmda.

Hið eina, sem veðdeild Búnaðarbankans hefur nú von um að fá, er hluti stóreignaskatts og sá hluti skyldusparnaðar, sem kemur úr sveitum, en skyldusparnaðurinn er, eins og kunnugt er, vísitölutryggður og því áhættusamt fyrir veðdeildina að ávaxta hann, þar sem lán úr henni eru ekki vísitölutryggð. Víst er, að þessar upphæðir, sem veðdeildin á von á að fá, nægja hvergi til þess að fullnægja lánsfjárþörfinni.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin láti rannsaka fjárþörf veðdeildarinnar og geri síðar tillögur um það, hvernig tryggja megi henni fjármagn, svo að hún geti starfað með eðlilegum hætti.